

11. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1982.*

**Gunnar Thoroddsen. Jón Helgason. Logi Einarsson.**  
(L. S.)

*Ingvar Gíslason.*

## LÖG

### um breytingu á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976.

#### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. töluliður 5. gr. laganna orðist svo:

Gera tillögur um úthlutun landsvæða til félagsræktunar, byggingar sumarbústaða einstaklinga, orlofshúsa stéttarféлага og til almennrar útivistar ef sóst er eftir landi í því skyni.

2. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Óski stéttarfélag eftir landi til reksturs orlofshúsa fyrir félagsmenn, er jarðanefnd rétt að heimila slík afnot lands, rýri þau ekki til muna kosti jarðarinnar til búskapar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. maí 1982.*

**Gunnar Thoroddsen. Jón Helgason. Logi Einarsson.**  
(L. S.)

*Pálmi Jónsson.*